30. ágúst 2023



# Góð afkoma og fjölmörg tækifæri

Árshlutauppgjör 2F 2023

vodafone visir SPORT BYLGJAN 989 FM957 X 97.7 ENDOR

## FRÉTTIR AF STARFSEMI

FJÁRHAGSUPPGJÖR

REKSTRAREININGAR OG HORFUR

# GÓÐ AFKOMA FYRSTU 6M 2023

- Sterk rekstrarniðurstaða á fyrstu 6 mánuðum ársins Rekstrarhagnaður (EBIT) nam 1.002 m.kr. og eykst um 39% á milli ára. Hagnaður eftir skatt 483 m.kr.

- Stígandi í kjarnastarfsemi og reglulegar tekjur vaxa um 6,5%. Heildartekjur 11.493 m.kr. á fyrstu 6M ársins samanborið við 11.691 m.kr á sama tímabili í fyrra. Fyrri helmingur 2022 einkenndist af óreglulegum tekjum, bæði hjá Vodafone og Endor. Að teknu tilliti til þeirra er aukning í tekjum upp á 6,5%

- Góður vöxtur í framlegðarháum tekjum, einkum auglýsingum á Vísi og Bylgjunni, og í reiki, sem hefur jákvæð áhrif á afkomu

- Skipulagsbreytingar á síðasta ári hafa aukið sýnileika, sjálfstæði og ábyrgð einstakra rekstrareininga

- Rekstrarkostnaður hélst stöðugur þrátt fyrir áskoranir í ytra umhverfi. Lækkandi kostnaður við erlenda sýningarrétti, auk samninga við lykilbirgja valda umtalsverðu hagræði í afskriftum á rekstrarreikningi

- Rúmlega 1.200 m.kr. skilað til hluthafa í formi endurkaupa og arðgreiðslu

- Afkomuspá vegna ársins 2023 er óbreytt EBIT 2.200 til 2.500 m.kr. Einskiptishagnaður vegna sölu stofnnets kemur því til viðbótar

# SALA Á STOFNNETI

- Kaup Ljósleiðarans á stofnneti Sýnar á lokaæmetrunum í meðhöndlun SKE. Niðurstöðu að vænta eigi síðar en 28. september
- Kaupverð 3.000 m.kr. og verður bókfærður söluhagnaður um 2.400 m.kr.
- Kaupverðið greiðist á allt að 6-12 mánuðum, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum
- Að teknu tilliti til áhrifa 12 ára þjónustusamnings lækkar fjárfestingaþörf um 120 m.kr. og rekstrarkostnaður um rúmlega 100 m.kr. á ári. Kæmu þau áhrif að fullu fram rekstrarárið 2024
- Engin leiguskuldbinding
- Með sölunni verður til enn sterkara fjarskiptanet sem viðskiptavinir njóta góðs af



# KAUP Á JÁ

**Íslensk verslun færist á netið. Já var svarið**

- Í byrjun árs var skrifað undir kaupsamning á rekstri Já.
- Áætlað er að með kaupunum muni velta félagsins upphaflega aukast um rúmlega 500 m. kr. á ári og EBITDA aukast um 70 m.kr. án tillits til samlegðaráhrifa
- Með tilkomu Já, gefst kostur á að búa til nýja tekjustoð með fókus á auglýsingar, sýnileika og vöruleit á vefmiðlum.
- Kaupin opna jafnframt á tækifæri til að tengja saman Vísi og Já og byggja upp nýjar og spennandi þjónustur

**Partur af stærri vegferð**

- Sýn hefur tekið yfir rekstur vildarappsins Spara. Fjölmörg félagasamtök nota appið til að halda utan um vildarkjör sinna meðlima
- Sýn keypti nýverið rekstur Bland markaðstorgs. Bland hefur um árabil verið eitt helsta sölutorg fyrir notað og nýtt á Íslandi og býr yfir stórum og virkum notendahópi

# SAMSTARF MEÐ VIAPLAY

- Víðtækur samstarfssamningur undirritaður við Viaplay
- Einkaréttur á vöndli Viaplay við vörur Vodafone og Stöðvar 2
- Felur í sér einföldun fyrir viðskiptavini sem geta t.d. fengið fjölbreyttar sportáskriftir á einum stað á hagstæðari kjörum
- Ný sjónvarpsrás – Vodafone Sport sett í loftið
- Allir leikir íslenska karlalandsliðsins verða sýndir á Stöð 2 Sport
- Stöð 2 Sport mun sjá um alla innlenda dagskrágerð og lýsingar fyrir Viaplay
- Mikilvæg aðgreining fyrir Vodafone í harðri samkeppni á fjarskiptamarkaði



FRÉTTIR AF STARFSEMI

**FJÁRHAGSUPPGJÖR**

REKSTRAREININGAR OG HORFUR

# LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI

## 2F OG 6M 2023

-1,7%

**Tekjur 6M**
**11.493 m.kr.**

2F 2023
5.632 m.kr.

+38,6%

**EBIT 6M**
**1.002 m.kr.**

2F 2023
574 m.kr.

+76,9%

**Afkoma 6M**
**483 m.kr.**

2F 2023
269 m.kr.

# REKSTRARREIKNINGUR

| | 2F 2023 | 2F 2022 | % br. | 6M 2023 | 6M 2022 | % br. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Seldar vörur og þjónusta | 5.632 | 6.009 | *-6,3%* | 11.493 | 11.691 | *-1,7%* |
| Kostnaðarverð | -3.540 | -4.124 | *-14,2%* | -7.331 | -7.790 | *-5,9%* |
| **Framlegð** | **2.092** | **1.885** | *11,0%* | **4.161** | **3.901** | *6,7%* |
| Rekstrarkostnaður | -1.518 | -1.563 | *-2,8%* | -3.159 | -3.178 | *-0,6%* |
| **EBITDA** | **1.583** | **1.607** | *-1,5%* | **3.080** | **3.317** | *-7,1%* |
| **EBIT** | **574** | **322** | *78,1%* | **1.002** | **723** | *38,6%* |
| Hrein fjármagnsgjöld | -296 | -226 | *31,1%* | -506 | -368 | *37,5%* |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 0 | 0 | - | 0 | 0 | - |
| Tekjuskattur | -8 | -30 | *-72,4%* | -13 | -82 | *-83,9%* |
| **Hagnaður** | **269** | **66** | *307,6%* | **483** | **273** | *76,8%* |
| | | | | | | |
| *Framlegð* | *37,1%* | *31,4%* | | *36,2%* | *33,4%* | |
| *EBITDA* | *28,1%* | *26,7%* | | *26,8%* | *28,4%* | |
| *EBIT* | *10,2%* | *5,4%* | | *8,7%* | *6,2%* | |

** Fjárhæðir eru í milljónum króna*

## Helstu þættir sem hafa áhrif á 2F og 6M 2023

- Tekjur lækka um tæplega 2% á fyrri helmingi ársins 2023. Leiðrétt fyrir óreglulegum liðum er hins vegar tekjuvöxtur uppá 6,5%
- Framlegð var rúmlega 36% fyrstu sex mánuði ársins 2023 sem er aukning um 2,8 prósentustig miðað við sama tímbil í fyrra. Bættir samningar við birgja hafa jákvæð áhrif til lækkunar á kostnaðarverði sem og góð tekjuþróun í framlegðarháum liðum
- Stöðugur rekstrarkostnaður á milli ára. Áhersla á rekstrarhagræði. Tilfærsla á kostnaði yfir í KSV vegna alrekstrarsamnings við Endor
- Afkoma Endor sterk á fyrri árshelmingi og verulegur tekjuvöxtur þegar tekið er tillit til óreglulegra liða. Rekstrarhagnaður (EBIT) eykst um rúm 50%
- Rekstrarhagnaður (EBIT) var 1.002 m.kr. á fyrri helmingi ársins og hækkar um tæplega 39% á milli árshelminga
- Hrein fjármagnsgjöld hækka í takt við hækkandi fjármagnskostnað

# TEKJUSTRAUMAR

| | 2F 2023 | 2F 2022 | % br. | 6M 2023 | 6M 2022 | % br. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjölmiðlun | 2.227 | 2.147 | *4%* | 4.393 | 4.254 | *3%* |
| Internet | 1.095 | 1.109 | *-1%* | 2.204 | 2.231 | *-1%* |
| Farsími | 1.245 | 1.282 | *-3%* | 2.445 | 2.683 | *-9%* |
| *- m.t.t. óreglulegra liða* | *1.245* | *1.183* | *5%* | *2.445* | *2.310* | *6%* |
| Fastlína | 111 | 122 | *-9%* | 227 | 251 | *-10%* |
| Hýsingar- og rekstrarlausnir | 501 | 864 | *-42%* | 1.204 | 1.329 | *-9%* |
| *- m.t.t. óreglulegra liða* | *501* | *361* | *39%* | *1.204* | *826* | *46%* |
| Vörusala | 282 | 323 | *-13%* | 611 | 597 | *2%* |
| Aðrar tekjur | 171 | 162 | *6%* | 409 | 346 | *18%* |
| Samtals tekjur | 5.632 | 6.009 | *-6%* | 11.493 | 11.691 | *-2%* |
| *- m.t.t. óreglulegra liða* | *5.632* | *5.407* | *4%* | *11.493* | *10.815* | *6%* |

**Fjárhæðir eru í milljónum króna*

## Fjölmiðlun

Auglýsingatekjur halda áfram að vaxa og hækka um tæp 9% milli árshelminga. Aðrar fjölmiðlunartekjur haldast í heildina stöðugar á milli árshelminga

## Internet

Lækkun í internettekjum skýrist helst af lækkun vegna heimatenginga. Tekjur af fyrirtækjatengingum hækka um rúm 4% milli árshelminga

## Farsími

Óreglulegar tekjur á fyrri helming 2022 lita samanburð milli tímabila þar sem farsímatekjur lækka um tæp 9%. Sé tekið tillit til óreglulegra liða þá er hækkun um tæp 6% milli árshelminga. Tekjur í gestareiki hækka um tæp 40%

## Hýsingar- og rekstrarlausnir

Lækkun í tekjum á öðrum ársfjórðungi sem skýrist af gegnumstreymis tekjum vegna erlendra verkefna á sama tíma í fyrra. Að teknu tilliti til þeirra er tekjuvöxtur á 2F upp á tæp 40% og rúm 45% á fyrri árshelmingi

# EFNAHAGSREIKNINGUR

## Eignir

| | 30.6.2023 | 31.12.2022 | % br. |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Leigueignir | 8.212 | 8.620 | *-5%* |
| Rekstrarfjármunir | 3.105 | 2.866 | *8%* |
| Viðskiptavild | 8.893 | 8.906 | *0%* |
| Aðrar óefnislegar eignir | 4.515 | 4.389 | *3%* |
| Langtímaleigukröfur | 153 | 157 | *-3%* |
| Eignarhlutur í félögum | 185 | 185 | *0%* |
| Tekjuskattsinneign | 145 | 158 | *-8%* |
| **Samtals** | 25.208 | 25.281 | *0%* |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Sýningarréttir | 1.738 | 1.809 | *-4%* |
| Birgðir | 1.028 | 559 | *84%* |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakr. | 3.124 | 3.650 | *-14%* |
| Handbært fé | 729 | 2.063 | *-65%* |
| **Samtals** | 6.620 | 8.081 | *-18%* |
| Eignir flokkaðar til sölu | 564 | 564 | *0%* |
| **Eignir samtals** | 32.391 | 33.926 | *-5%* |

## Skuldir og eigið fé

| | 30.6.2023 | 31.12.2022 | % br. |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé samtals** | 8.724 | 9.469 | *-8%* |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 4.623 | 4.801 | *-4%* |
| Leiguskuldbindingar | 11.605 | 11.820 | *-2%* |
| **Samtals** | 16.228 | 16.621 | *-2%* |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 1.276 | 373 | *242%* |
| Leiguskuldbindingar | 1.124 | 1.295 | *-13%* |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímask. | 5.039 | 6.168 | *-18%* |
| **Samtals** | 7.439 | 7.836 | *-5%* |
| **Eigið fé og skuldir** | 32.391 | 33.926 | *-5%* |

| | | |
|---|---|---|
| *Vaxtaberandi skuldir* | *18.628* | *18.289* |
| *Hreinar vxt.ber. skuldir* | *17.899* | *16.226* |
| *Eiginfjárhlutfall* | *26,9%* | *27,9%* |

# SJÓÐSTREYMI







Helstu þættir í breytingu á frjálsu fjárflæði á milli ára:

- Hagstæðir einskiptis samningar við lykilbirgja sem skila hagræði
- Kröftugar fjárfestingar á fyrstu 6M 2023
- Breytingar á birgðum

| | 2F 2023 | 2F 2022 | % br. | 6M 2023 | 6M 2022 | % br. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt | 1.373 | 1.810 | *-24%* | 2.545 | 3.114 | *-18%* |
| Fjárfestingahreyfingar | -1.101 | -1.010 | *9%* | -2.220 | -1.830 | *21%* |
| **Frjálst fjárflæði** | **272** | **800** | ***-66%*** | **325** | **1.284** | ***-75%*** |

*Fjárhæðir eru í milljónum króna.

# EFNAHAGUR - LYKILMÆLIKVARÐAR







*Veltufjármunir / viðskiptaskuldum og öðrum skammtímaskuldum




**Kaup á eigin bréfum á árinu 2022 og fyrri helmingi ársins 2023 hafa áhrif á samanburð á eiginfjár- og veltufjárhlutfalli við stöðuna í lok árs 2021

FRÉTTIR AF STARFSEMI

FJÁRHAGSUPPGJÖR

**REKSTRAREININGAR OG HORFUR**



# INNSÝN Í REKSTRAREININGAR

# FJÓRAR REKSTRAREINININGAR

**Vodafone**

Fjarskipti heimila og fyrirtækja

IoT (Hlutanet)

Sjónvarpsþjónusta
Verslanir

**Miðlar**

Stöð 2 og Stöð 2+

Stöð 2 Sport

Bylgjan, FM957
og X-ið

Vísir, Innherji og Tal

**Sýn - innviðir**

Farsímakerfi

IPTV kerfi
Loftdreifing

Heildsala

Reiki

**Endor ehf.**

Allsherjar upplýsingatækni

Kerfisþjónusta

Lausnasala

Gagnaversrekstur

vodafone

# NÝ MARKAÐSHERFERÐ

vodafone

## ÉG SÉ RAUTT

- Ný markaðsherferð á einstaklingsmarkaði fór í loftið í ágúst
- Skilaboð auglýsinga eru að það er skemmtilegra að sjá lífið í rauðum einkennislitum Vodafone
- Auglýsingar í birtingu í sjónvarpi, á vef- og samfélagsmiðlum ásamt útvarpi
- Fyrstu viðbrögð við herferðinni mjög góð



# NÝJUNGAR FYRIR HEIMILI

**Fjölbreyttir nýir** áskriftarpakkar Vodafone – nú með Viaplay

- Innihalda fjarskipti, fjölbreytta afþreyingu Stöðvar 2 og Viaplay á enn betra verði en áður til viðskiptavina
- Allt sportefni á einum stað á betra verði. Hægt að kaupa enska boltann á Símanum Sport í gegnum Vodafone
- Mikið úrval þáttaraða og kvikmynda Viaplay ásamt gæðaefni Stöðvar 2+

**Vodafone Sport í samstarfi við Viaplay** ný línuleg sjónvarpsrás

- Aðgengi að nýrri línulegri sjónvarpsrás, Vodafone Sport, í pökkum með Viaplay Total
- Vodafone Sport er liður í að einfalda upplifun viðskiptavina og bjóða fjölbreytt úrval sjónvarpsáskrifta
- Auglýsingasala á Vodafone Sport er nýr tekjustraumur fyrir Vodafone

# NÝIR ÁSKRIFTARPAKKAR

vodafone

**Einföldum viðskiptavinum val** á fjarskiptum og afþreyingu með fjölbreyttum áskriftarleiðum. Þú velur hvað hentar þér og færð **allt á einum stað**



# STERK STAÐA Á FYRIRTÆKJAMARKAÐI

**Langtímasamningar** við stór fyrirtæki

- Nánast öll stærri fyrirtæki með samninga sem runnu út á árinu hafa endurnýjað langtímasamninga sína við Vodafone
- Hlutfall endurnýjunar á samningum og kannanir sýna ánægju viðskiptavina með fyrirtækjaþjónustu Vodafone

**Heilbrigður tekjuvöxtur** á fyrirtækjamarkaði

- Tekjur af farsíma á fyrirtækjamarkaði hækkuðu um 9% og tekjur af interneti um 3% á milli ára

Orkan semur við Vodafone



2

# SPENNANDI HAUST Á STÖÐ 2

- Idol 2 fer í loftið á seinni hluta ársins. Fyrsta þáttaröðin var mjög vinsæl
- Margar frumsýningar á innlendu og erlendu efni m.a. Svo lengi sem við lifum og True detective
- Áskriftartölur í Stöð 2+ og Stöð 2 Sport á góðum stað

- Áframhald á miklum umsvifum Stöð 2 Sport
- Allir leikir í Bestu deild karla og kvenna
- Karfan fer af stað aftur
- Heildar umsjón með Meistaradeildinni ásamt öðrum útsendingum Viaplay fyrir íslenskan markað



# AUGLÝSINGAMIÐLAR Í GÓÐUM VEXTI

- Auglýsingatekjur á Vísi og Útvarpi hækkuðu um 11% á milli ára
- Auglýsingapláss á Vísi oft uppseld
- Spennandi þróunarverkefni á Vísi í fullum gangi
- Sjáum mikil tækifæri í vefmiðlum og eru kaupin á Já og Bland liður í því



# UPPBYGGING Á VERÐMÆTUM INNVIÐUM

- Uppfærsla farsímakerfis í 5G gengur áfram vel og 110 sendar teknir í gagnið
- Undirbúningi fyrir afhendingu stofnnets til Ljósleiðarans lokið
- eSim innleiðingu lokið og Vodafone setti á markað eittNúmer fyrir mörg tæki á sama númeri
- VoWiFi innleiðing í gangi
- Tekjur af gestareiki vaxið um tæp 40% frá fyrra ári
- Stækkun á tengingum við útlönd kláruð sem minnkar svartíma töluvert



ENDOR

# STARFSEMIN GENGUR VEL

- Rekstarhagnaður eykst um rúm 50% á milli ára
- Góður gangur í sölu miðlægra lausna
- Vöxtur í mánaðarlegum þjónustutekjum
- Endor tók yfir upplýsingatæknirekstur Sýnar fyrr á árinu
- Nýtt lausnaframboð í tengslum við net- og öryggismál



# HORFUR 2023

- Afkomuspá fyrir árið 2023 óbreytt. EBIT 2.200–2.500 m.kr. fyrir utan einskiptishagnað vegna sölu á stofnneti
- Gert áfram ráð fyrir hóflegum tekjuvexti á seinni hluta árs
- Áfram áhersla á hagræðingu í erlendum efniskaupum en krafturinn settur í innlenda dagskrárgerð
- Áhersla á að skerpa skil milli rekstrareininga og auka gagnsæi í upplýsingagjöf til markaðar

# Spurningar?

Tekið er á móti fyrirspurnum í gegnum netfangið fjarfestatengsl@syn.is

© Sýn 2023

# FYRIRVARI Á UPPGJÖRSKYNNINGU

Upplýsingar í þessari kynningu byggja á heimildum sem Sýn hf. telur áreiðanlegar á hverjum tíma. Ekki er þó ekki hægt að tryggja að fullu að þær séu óskeikular.

Allar upplýsingar í kynningu þessari eru í eigu Sýn hf. Kynningu þessa og upplýsingar sem í henni eru er óheimilt að afrita, breyta eða dreifa á nokkurn hátt, hvorki að öllu leyti né að hluta.

Þessi kynning er eingöngu hugsuð til upplýsingagjafar en ekki ætluð sem hluti af eða grundvöllur ákvarðanatöku þeirra aðila sem fá hana í hendur. Viðtakendur eiga því ekki að nokkru leyti að túlka innihald kynningarinnar sem loforð eða leiðbeiningar. Sýn hf. er ekki á nokkurn hátt skylt að veita viðtakendum kynningarinnar frekari upplýsingar um félagið né gera breytingar eða leiðréttingar á henni ef þær upplýsingar sem liggja til grundvallar breytast.

Sérhver yfirlýsing í kynningu þessari sem vísar til framtíðaráætlunar eða framtíðarárangurs er einungis spá um framtíðarhorfur félagsins, byggð á núverandi þróun, upplýsingum og áætlunum. Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissuþátta sem getur þýtt að raunverulegur árangur verði umtalsvert frábrugðinn því sem spáð er í kynningu þessari. Ytri þættir á borð við framboð á fjármagni, gildistaka laga, áhrif eftirlitsaðila ásamt öðru geta því haft veruleg áhrif.

Sýn hf. mun ekki uppfæra framtíðarhorfur félagsins í kynningu þessari vegna aðstæðna sem munu til koma eftir að hún hefur verið sett fram. Sýn hf. bendir á að viðtakendur kynningar þessarar eiga ekki að treysta á staðhæfingar kynningarinnar á síðari tímum þar sem þær eiga eingöngu við á þeim degi sem kynningin er gefin út. Allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins eru fullgildar í heild sinni með tilliti til þessara fyrirvara.

Með móttöku kynningar þessarar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.